

AUGLÝSING

um staðfestingu á breytingu á skipulagsskrá fyrir sjóðinn Þjóðhátíðargjöf Norðmanna nr. 279 30. maí 1975, sbr. auglýsingu nr. 199 25. mars 1998.

Stjórn sjóðsins Þjóðhátíðargjöf Norðmanna hefur hinn 9. apríl 1999 samþykkt eftirfarandi breytingu á skipulagsskrá sjóðsins, sem staðfest var 30. maí 1975.

1. gr.

2. gr. skipulagsskrárinnar hljóði svo:
Höfuðstóll sjóðsins skal varðveittur á Íslandi eða í Noregi eftir ákvörðun sjóðstjórnar, sem ber ábyrgð á ávöxtun hans.

2. gr.

Samþykkt þessi öðlast gildi við birtingu.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 26. apríl 1999.

F. h. r.

Björn Friðfinnsson.

Fanney Óskarsdóttir.

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Suðureyrar 1983-2003, reitur milli Aðalgötu og Eyrargötu, Ísafjarðarbæ.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 26. apríl 1999 staðfest breytingu á aðalskipulagi Suðureyrar 1983-2003 frá 10. september 1994.

Breytingin varðar niðurfellingu á vegtengingu milli Aðalgötu og Eyrargötu. Reitur milli Aðalgötu og Eyrargötu breytist úr reit fyrir íbúðir og opinberar byggingar í blandaðan reit fyrir opinberar byggingar, iðnað og íbúðir.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki bæjarstjórnar Ísafjarðarbæjar. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið í samræmi við 2. mgr. 21. gr. laganna.

Umhverfissráðuneytinu, 26. apríl 1999.

Guðmundur Bjarnason.

Ingimar Sigurðsson.

AUGLÝSING

um deiliskipulag frístundabyggðar í landi Köldukinnar, Holta- og Landsveit.

Sveitarstjórn Holta- og Landsveitar samþykkti deiliskipulag frístundabyggðar í landi Köldukinnar, Holta- og Landsveit á fundi sínum 7. desember 1998. Skipulagstillagan var

auglýst í samræmi við 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum.

Skipulagsstofnun gerir ekki athugasemdir við skipulagið.
Skipulagið öðlast gildi með birtingu þessarar auglýsingar.

Holta- og Landsveit, 27. apríl 1999.

F.h. sveitarstjórnar Holta- og Landsveitar,

Valtýr Valtýsson sveitarstjóri.

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Ísafjarðar 1989 - 2009, Sundstræti 34.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 26. apríl 1999 staðfest breytingu á aðalskipulagi Ísafjarðar 1989 - 2009.

Breytingin varðar atvinnusvæði við Sundstræti 34 sem breytist í blandaðan reit fyrir íbúðir og þjónustu.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki bæjarstjórnar Ísafjarðarbæjar. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið í samræmi við 2. mgr. 21. gr. laganna.

Umhverfisstjórnuneytinu, 26. apríl 1999.

Guðmundur Bjarnason.

Ingimar Sigurðsson.

REGLUR

um diplómatiske vegabréf og þjónustuvegabréf.

I. KAFLI

Útgáfa vegabréfa.

1. gr.

Ríkislögreglustjórinn annast útgáfu diplómatiskra vegabréfa og þjónustuvegabréfa samkvæmt ákvörðun utanríkisráðuneytisins.

2. gr.

Þessir aðilar einir geta fengið diplómatiske vegabréf:

1. Forseti Íslands.
2. Fyrirverandi forsetar Íslands.
3. Forsetar Alþingis.
4. Hæstaréttardómarar.
5. Ráðherrar.
6. Biskupinn yfir Íslandi.
7. Starfsmenn utanríkisþjónustunnar skv. 1.-5. flokki 8. gr. laga nr. 39/1971 og þeir aðrir starfsmenn hennar og venslamenn sem reglur ráðuneytisins kveða á um.
8. Ráðuneytisstjórar.
9. Umboðsmaður Alþingis.